

Forngripir afhentir á Þjóðminjasafni Íslands

Við athöfn í [Þjóðminjasafni Íslands](#) 22. janúar afhenti Christina Mattsson forstöðumaður [Nordiska Museet](#) í Stokkhólmi Þjóðminjasafninu til varðveislu um alla framtíð um 800 forngripi frá Íslandi í samræmi við samkomulag milli safnanna. Meðal gripanna eru útskornir kistlar og rúmfjalir, söðlar, söðuláklæði, búningar og búningaskart, prentaðar bækur og handrit, sem safnið eignaðist á síðari hluta 19. aldar. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður tók við gripunum fyrir hönd safnsins.

[Menntamálaráðherra](#) þakkaði af þessu tilefni Nordiska Museet fyrir hönd íslenskra stjórnvalda fyrir að koma til Íslands færandi hendi, því slíkir gestir væru að sjálfsgöðu afar velkomnir. Hún sagði að það samstarf Nordiska Museet og Þjóðminjasafns Íslands sem þessi viðburður lýsti væri afar mikilvægt fyrir íslenska menningarsögu og það hefði ómetanlegt gildi að fá til Íslands þær menningarminjar sem hér væri um að ræða, bæði vegna rannsókna og miðlunar á íslenskum menningararfi og sögu þjóðarinnar. Loks sagði ráðherra að sá velvilji sem Nordiska Museet sýndi íslensku þjóðinni með þessu samkomulagi við Þjóðminjasafnið yrði seint fullþakkaður. Hann gæti verið öðrum stofnunum til fyrirmyndar um samvinnu á menningarsviðinu á Norðurlöndum í framtíðinni.

Eftir verður til sérstakrar sýningar í sumar í Þjóðminjasafninu á þeim

forngripum sem koma frá Nordiska Museet, þar sem meginhluti þeirra verður sýndur hér á landi í fyrsta sinn.



Mynd: Þjóðminjasafn Íslands

Frá vinstri: Christina Mattsson, forstöðumaður Nordiska museet, Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Madeleine Ströje-Wilkens sendiherra Svíþjóðar á Íslandi

Heimsókn frá Sierra Leone

[Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir](#) menntamálaráðherra átti miðvikudaginn 23. janúar fund með dr. Minkailu Bah menntamálaráðherra Sierra Leone. Dr. Bah var staddur hér á landi í tilefni styrkveitingar úr Aurora-sjóðnum sem renna mun til uppbyggingar grunnskóla í landinu í samvinnu við [UNICEF](#), barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. Á fundinum ræddu Þorgerður Katrín og Dr. Bah þróun í menntamálum ríkjanna og rakti menntamálaráðherra Sierra Leone hvernig ný ríkisstjórn landsins vinnur nú að uppbyggingu í kjölfar borgarastyrjaldarinnar. Mjög hátt hlutfall barna í Sierra Leone, ekki síst stúlkur, ljúka ekki barnaskóla en það er stefna stjórnarinnar að árið 2010 verði því markmiði náð í samvinnu við alþjóðasamfélagið að öll börn ljúki grunnskóla. Þorgerður Katrín heimsótti Sierra Leone í október 2006 en þar hafa verið byggðir upp skólar fyrir um 5000 börn af UNICEF með fjárhagslegum stuðningi hjónanna Ólafs Ólafssonar og Ingibjargar Kristjánsdóttur, stofnenda Aurora-sjóðsins.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Minkailu Bah

Frumvarp til myndlistarlag

[Menntamálaráðherra](#) hefur lagt fram á Alþingi [frumvarp til myndlistarlag](#). Með frumvarpinu er lagður almennur lagarammi fyrir myndlistarstarfsemi sem ríkið stendur fyrir, bæði með rekstri [Listasafns Íslands](#) og með ýmsum styrkveitingum. Með setningu rammalöggjafar

um myndlist er fylgt eftir þeirri stefnumörkun sem þegar hefur komið fram á öðrum sviðum menningarstarfsemi, svo sem með [leiklistarlögum nr. 138/1998](#), [safnalögum nr. 106/2001](#) og með [lögum um tónlistarsjóð nr. 76/2004](#). Í öllum tilvikum er stefnt að því að einfalda lagaumgjörðina, skýra hlutverk stofnana og tryggja að stuðningur ríkisins á viðkomandi sviði byggi á eins faglegum grunni og unnt er.

Samkvæmt safnalögum nr. 106/2001 er hlutverk Listasafns Íslands að vera höfuðsáfn á sviði myndlistar. Helstu breytingar sem lagðar eru til á ákvæðum gildandi laga um Listasafn Íslands lúta að því að einfalda þann lagaramma sem um safnið gildir og efla sjálfstæði þess sem höfuðsafns á sviði myndlistar. Helstu breytingar eru að safnráð í núverandi mynd yrði lagt niður en samsetningu innkaupnefndar breytt. Heiti forstöðumanns breytist í safnstjóri og ekki yrði lengur kveðið á um hve mörg starfsmál hann sæti. Embætti safnstjóra yrði í þess stað ætíð auglýst laust til umsóknar í lok hvers skipunartímabils.

Í frumvarpinu er að finna mikilvæg nýmæli. Lagt er til að skipað verði myndlistarráð og stofnaður sérstakur myndlistarsjóður. Myndlistarráð yrði samráðsvettvangur um málefni íslenskrar myndlistar hliðstætt leiklistarráði og tónlistarráði og menntamálaráðherra til ráðgjafar. Ráðinu er ætlað að gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr myndlistarsjóði sem veita skal fjárhagslegan stuðning til verkefna á sviði myndlistar í því skyni að efla hana og koma henni á framfæri hér á landi og erlendis. Þess er vænst að með samþykkt frumvarpsins verði hægt að efla stuðning við myndlist til lengri tíma lítið.

Stefnumótun í menntunarmálum fanga

[Menntamálaráðherra](#) og [dóms- og kirkjumálaráðherra](#) kynntu ríkisstjórn Íslands nýttkomna [skýrslu nefndar um stefnumótun í menntunarmálum fanga](#) í síðustu viku. Nefndinni var

sérstaklega falið að huga að fjarkennslu gegnum netið, verkmenntun, menntun fanga af erlendum uppruna og þeim hópi fanga sem af ýmsum ástæðum hafa fallið út úr skyldunámi. Skýrslu nefndarinnar fylgir jafnframt [skýrsla um íslenska hluta samnorrænnar rannsókna á menntun fanga](#) sem fangar í afplánum á Íslandi tóku þátt í í október og nóvember 2006.

Nefndin lítur svo á að nám í fangelsi, ásamt öðrum meðferðarúrræðum, gegni lykilhutverki í endurhæfingu fanga. Hún leggur til að fangar verði hvattir til að nýta tímann í fangelsi til náms og þeim standi til boða kynning á námsmöguleikum, mat á fyrri námi, mat á raunfærni, áhugasviðsrannsókn, aðstoð við gerð námsáætlunar og við að skipuleggja frekara nám. Koma þurfi til móts við þarfir fanga með stutta skólagöngu að baki meðal annars með námskeiðum til að bæta grunnfærni í lestri, stærðfræði og tölvunotkun. Nefndin leggur til takmarkaða nettingu í öllum fangelsum og rýmri heimildir í opnum fangelsum.

Bæta þarf aðstöðu til verknáms og starfsþjálfunar í fangelsum og skapa fleiri störf sem geta nýst til starfsþjálfunar. Föngum verði gefinn kostur á starfsþjálfun utan fangelsis til uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þá beri að leita til atvinnufyrirtækja í nánasta umhverfi fangelsa um starfsnám fyrir fanga sem hafa leyfi til náms utan fangelsis.

Hugað verði að íslenskukennslu fyrir erlenda fanga sem dvelja um langan tíma í íslenskum fangelsum og að möguleikum fanga af erlendum uppruna á að stunda fjarnám við menntastofnanir í heimalöndum sínum.

Strax verður hafist handa við að hrinda tillögum nefndarinnar í framkvæmd og fyrsta verkið verður að fela [Fjölbrotaskóla Suðurlands](#) á Selfossi, sem lagt er til að verði móðurskóli í kennslu fanga, að auglýsa stöðu náms- og starfsráðgjafa sem eingöngu vinni að málefnum fanga.

